



Alþingi
Erindi nr. P/130/2004
komudagur 8.5.2004

Nefndasviði, 6. maí 2004.


Félagsmálanefnd Alþingis,
hr. Hjálmar Árnason formaður.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur á fundi sínum fjallað um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, en félagsmálanefnd óskaði eftir umsögn allsherjarnefndar um málið með bréfi dags. 4. maí 2004.

Nefndin bendir á að þótt einstök ráðuneyti verði ábyrg fyrir framkvæmd tiltekinna verkefna samkvæmt áætluninni eru jafnréttismál á forræði félagsmálaráðherra. Á fundi nefndarinnar í dag var því ákveðið að vísa málinu aftur til félagsmálanefndar og efnislegrar meðferðar þar.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er ekki samþykk álitni þessu.

F.h. allsherjarnefndar Alþingis


Sigrún Brynja Einarsson
nefndaritari

ALLSHERJARNEFND